167

# AUGLÝSING

**frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1932.**

**Skrás. 1932, nr. 1.**

Tilkynnt 14. janúar 1932, kl. 4 síðd., af Pet Milk Company, verzlun, St. Louis í Missouri, Bankaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 29. janúar s. á.

Orðið:

PET

Samkv. tilkynningu 4. maí 1912, er merkið skrásett í Washington 10. september s. á. fyrir þurmjólk. — Tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 1. maí 1925.

**Skrás. 1932, nr. 2.**

Tilkynnt 1. febrúar 1932, kl. 3 síðd., af firmanu H. Ólafsson & Bernhöft, heildverzlun, Reykjavík, og skrásett 25. s. m.



Merkið er í tvennu lagi, og á að nota það á umbúðir um kaffibæti. — Sýnir það mynd af víkingaskipi á siglingu, en fyrir ofan myndina eru skráð orðin: VÍKINGS KAFFIBÆTIR. Fyrir neðan myndina er letrað: „Skrautbúin skip fyrir landi, flutu með fríðasta lið, færandi varninginn heim", en vinstra megin við hana stendur: „Víkings-kaffibætirinn er framleiddur af firmanu Dutch Chicory Works, J. C. Pieters, kgl. hirðsalar, Groningen. Það er stofnsett 1790 og selur kaffibæti um allan heim", og hægra megin eru ummæli um vöruna. Loks er minni mynd af sama skipi, ætluð til álímingar á enda hvers kaffibætisstönguls. 167

**Skrás. 1932, nr. 3.**

Tilkynnt 27. janúar 1932, kl. 2 síðd., af I. G. Farbenindustrie A/G, verksmiðja og verzlun, Frankfurt a/M, Þýzkalandi, og skrásett 25. febrúar s. á. Orðið:

# „Phanodorm"

Samkv. tilkynningu 10. júlí 1916, er merkið skrásett í Berlín 25. október s. á. fyrir lækníslyf fyrir menn og dýr, sótthreinsunarefni, varðveitingarefni fyrir matvæli, ljósmyndapappír og efnasamsetningar til litunar og ljósmyndunar, steina- og jarðliti, tjörulitaefni, lökk og bæs, steiningar- og sútunarefni, varðveitingarefni fyrir leður, silkiþræði til notkunar við skurðlækningar, matarhæfisvörur og línsterkjublöndur. — Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 22. febr. 1926, og skrásetning þess endurnýjuð 10. júlí 1926.

**Skrás. 1932, nr. 4.**

Tilkynnt 1. marz 1932, kl. 10 árd., af A/S De Danske Spritfabrikker, spritframleiðsla, Köbenhavn, Danmörk, og skrásett 10. s. m.

Merkið er í tveim hlutum, miðar á framhlið og bakhlið flösku. 1) Rétthyrndur einkennismiði með gullinni rönd á ljósbrúnum grunni. Ofantil við miðju er ljós maltakross á sporöskjulöguðum grunni, rauðleitum. Yfir krossinn eru prentaðir stafirnir: C. L. O. C., dökkbrúnir,. Yfir rauðleita grunninum er letrað í boglínu: KÖBENHAVN—AALBORG DANMARK, en undir, einnig í boglínu: CUMINUM LIQUIDUM OPTIMUM CASTELLI. Efst á miðanum stendur: Aktieselskabet De Danske Spritfabrikker. Neðanvert við miðjan miðann er letrað: LIQUEUR. 38,5%, og eru þau orð tvíundirstrykuð. Þar fyrir neðan eru ummæli um vöruna. 2) Rétthyrndur einkennismiði með gullinni rönd á ljósbrúnum grunni. Efst er mynd af verksmiðjubyggingu og undir myndinni orðin: CASTELLUM AALBORGENSE. Þar fyrir neðan ummæli um bygginguna og vöruna.

167 





Samkv. tilkynningu 11. nóvember 1931, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 31. desember s. á. fyrir likör (Liqueur).

**Skrás. 1932, nr. 5.**

Tilkynnt 7. marz 1932, kl. 2 síðd., af I. G. Farbenindustrie A/G, verksmiðja og verzlun, Frankfurt a/M, Þýzkalandi, og skrásett 10. s. d.

Orðið:

# Atebrin

Samkv. tilkynningu 11. desember 1912, er merkið skrásett í Berlín 15. janúar 1913 fyrir lyfjasamsetning, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 18. nóvember 1922. — Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 22. febrúar 1926.

**Skrás. 1932, nr. 6.**

Tilkynnt 19. marz 1932, kl. 2 síðd., af H/f „Shell“ á Íslandi, olíuverzlun, Skildinganesi við Skerjafjörð, og skrásett 31. s. m.

**AEROSHELL**

Orðið AEROSHELL, sem stendur fyrir ofan mynd af vængjuðum hörpudisk. Merkið er skrásett fyrir benzín, steinolíu, smurningsolíur og allskonar olíuafurðir.

**Skrás. 1932, nr. 7.**

Tilkynnt 22. marz 1932, kl. 3 síðd., af firmanu Brinch & Spehr, verksmiðja og verzlun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 31. s. m.

Orðið:

**BIOSAN**

Samkv. tilkynningu 9. desember 1931, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 13. febrúar 1932 fyrir bætiefnablandin næringarefni til manneldis og bætiefnablandinn jurtasamsetning, tilbúinn sem mannlæknislyf.

**Skrás. 1932, nr. 8.**

Tilkynnt 30. marz 1932, kl. 2 síðd., af Vacuum Oil Company A/S, olíuverzlun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 30. apríl s. á.

Orðið:

**PEGASUS**

Samkv. tilkynningu 4. desbr. 1931, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 9. janúar 1932 fyrir: Allskonar olíur og feiti til ljósa, hitunar, smurninga og orkugjafar, ennfremur allar tegundir af bensíni, svo sem benzín, bensol, gasoline og svipaðar framleiðsluvörur, notaðar til orkugjafar, sem og til blöndunar.

167 **Skrás. 1932, nr. 9.**

Tilkynnt 30. marz 1932, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 30. apríl s. á.

PEGASUS

Orðið: PEGASUS, skráð fyrir ofan hest með vængjum.

Samkv. tilkynningu 4. des. 1931, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 27. febrúar 1932 fyrir allskonar vörutegundir.

**Skrás. 1932, nr. 10.**

Tilkynnt 19. maí 1932, kl. 2 síðd., af Standard Oil Company of NewJersey, verzlun, Wilmington í Delaware og New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 26. s. m.

Orðið:

**ESSOLUBE**

Samkv. tilkynningu 28. marz 1931, er merkið skrásett í Washington 21. júlí s. á. fyrir: Hreinsaðar, hálfhreinsaðar og óhreinsaðar olíur, framleiddar úr steinolíu, með eða án viðbótar af dýra-, jurta- eða steinaefnum, til ljósa, eldsneytis, orkuvinnslu, hitunar og smurnings, ásamt smurningsfeiti.

**Skrás. 1932, nr. 11.**

Tilkynnt 24. maí 1932, kl. 3 síðd., af Vacuum Oil Company A/S, verzlun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 28. s. m.

Mynd af vængjuðum hesti.

Samkv. tilkynningu 4. des. 1931, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 23. apríl 1932 fyrir:

Nafta, benzín, benzol, gasolíu (Gasolin), alls konar steinolíu, eldsneytisolíur, korntegundir, grastegundir, frætegundir, rótarávexti, ber, hnetur, blóm, baðmull, óunninn trjávið, ull, silki og efni, sem notuð eru í þess stað, fiskmeti, veiðidýrakjöt, pillur, duft, töflur, efnafræðilegar vörur til lyfja- og hreinlætisnotkunar, plástra, sjúkrabindi, ólífræn eiturefni, blásýruefni (Cyanider), arsenefnasambönd, sótthreinsunarefni, sýrur, hárskurðartæki, tilbúin blóm, skófatnað, sokka, klæðnað, borðdúka, rekkjuvoðir, koddaver, ljósa-, hitunar-, suðu-, kæli-, þurkunar- og loftræstingartæki, vatns- og skolpleiðslur, svampa, snyrtitæki, kinrok, stálspæni, efnafræðivörur til notkunar við iðnað og vísindalegar rannsóknir, slökkvitæki, herzlu- og kveikingartæki, afsteypuefni til tannsmíða, tæki til tannfyllinga, kýsilsýrusölt, krít, þinur og trefjaefni, hitageymslu- og einangrunartæki, vörur úr ullargrjóti (Asbestfabrikater), áburðarefni, hrámálma og að nokkru leyti unna ódýra málma, skerandi eggjárn, verkfæri, ljái, bjúghnífa, högg- og lagvopn, nálar, veiðarfæri, skeifur, hóffjaðrir, smeittar vörur (emaillerede Varer) og tinaðar vörur, efni í járnbrautarþekjur, járnvörur, járnsmíðavörur og smíðavörur, pjáturvörur, akkeri, festar, bjöllur, lykkjur, króka, peningaskápa, slíður, vélunnin málmsnið, flött og steypt byggingarefni, vélsteypuvörur, samgöngutæki á landi, í lofti og á vatni, hluti tilheyrandi samgöngutækjum og annað þar að lútandi, litunarefni, liti, málmþynnur, skinn, húðir, garnir, leður- og loðskinnavörur, gljákvoðu, lakk, bæs, trjákvoðu, límefni, svertu, gljáunar- og sútunartæki, band, kaðlavörur, net, stálvíra, yfirspunna þræði, bólstrunarefni, þéttingartæki, öl, vín, vínanda, óáfenga drykki, góðmálma, gull-, silfur-, nikkel- og alúmíníumvörur, vörur úr nýsilfri, Bretamálm (Brittannia) og aðrar svipaðar málmblöndur, skartgripi, eftirlíkingar af gull- og silfurþráðum (leoniske Varer), togleður, efni, sem notuð eru í stað togleðursvara og vörur úr þeim til iðnfræðilegra nytja, regnhlífar, sólhlífar, göngustafi, lofttegundir, kerti, náttljós, kveiki, rennivörur, telgdar vörur, fléttaðar vörur, myndaramma, myndir (líkanir) undir tilbúinn fatnað og til notkunar í sambandi við hársnyrting, lækninga-, sóttvarnar-, björgunar- og slökkvitæki, -áhöld og -verkfæri, sáraumbúðir, gerfilimi, augu og tennur, eðlisfræðitæki, efnafræðitæki, ljós-

167 fræðitæki, landmælingatæki, siglingatæki, raffræðitæki, rafmagnsvogir, rafmagnsmerkistæki, rafmagnsmælitæki, rafmagnsmyndatökutæki, verkfæri og tól, talsíma-, ritsíma- og útvarpstæki, mælitæki, vélar og vélahluta, rekólar (Drivremme), sjálfhreyfivélar, áhöld til innanhússnotkunar, eldhúsáhöld, áhöld til notkunar í stórgripahúsum (fjósum, hesthúsum o. s. frv.), garðyrkjutæki, landbúnaðartæki, húsgögn, spegla, bólstraðar vörur, veggfóðrunar- og skreytingarefni, rúm, kistur, hljóðfæri og hljóðfærahluta, kjöt, fisk, kjötseyði, niðursoðin matvæli, grænmeti, ávexti, ávaxtasafa, mauk (Geléer), egg, mjólk, smjör, ost, kaffi, kaffibætir, te, sykur, sýróp, hunang, mjöl, grjón, matvæli, deigvörur, krydd, ídýfur, edik, kakaó, súkkulaði, sykurvörur, bökunar- og kökugerðarvörur, ger, bökunarduft, næringarefni handa þeim, er gæta varúðar í mat og drykk (diætiske Næringsmidler), malt, fóðurvörur, ís, prentletur, málverk, höggmyndir, leirbrennda muni, postulín, leir, gler, gljástein og gljásteinsvörur, kögurvefnað (dregla), bönd, bryddingarvörur, hnappa, knipplinga, útsaum, söðlasmíðavörur, ólar, töskur og leðurhylki, mölunarvörur, mótunarvörur (Modellervarer), billiard- og merkikrit, skrifstofuhúsgögn, skotvopn, andlitsfarða (Sminker), púður, olíusnauð efni til þess að ná burt hári og þess háttar, sápur, þvotta- og bleikiefni, línsterkju og línsterkjubönd (Stivelsepræparater), litunarefni til þvotta, salmíak, kvillajabörk, slípitæki, leikföng, leikfimi- og íþróttatæki, sprengiefni, kveikivörur, flugeldatæki, fallbyssur, skotfæri, steina, skrautsteina, kís, gips, bik, malbik, tjöru, flytjanleg hús, reykháfa, byggingarefni, óunnið tóbak, tóbaksvörur, vindla og vindlingamunnstykki, pípur, teppi, gólfþurkur, línóleum, vaxdúka, ábreiður, hengi, fána, tjöld, segl, poka, úr, úrhluta, ofin efni, vefnaðarvörur og loðdúka (Filt).

**Skrás. 1932, nr. 12.**

Tilkynnt 28. júní 1932, kl. 11 árd., af firmanu Thomas Hedley & Co., Ltd., sápugerð, Newcastle-on-Tyne, Englandi, og skrásett 8. ágúst s. á.

Orðið:

FAIRY

Merkið er skrásett í London 22. janúar 1932, 47. flokki, fyrir allskonar sápur.

**Skrás. 1932, nr. 13.**

Tilkynnt 1. ágúst 1932, kl. 1 síðd., af firmanu Aspro, Limited, verksmiðjurekstur, Sloug, Buckinghamskíri, Englandi, og skrásett 2. sept. s. á.

Orðið:

**ASPRO**

Merkið er skrásett í London 5. júlí 1920, 3. flokki, fyrir lyfjablöndur handa mönnum. — Samkv. útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er tilkynnandi fyrst 20. júlí 1927 skráður sem eigandi merkisins. 167

**Skrás. 1932, nr. 14.**

Tilkynnt 8. ágúst 1932, kl. 2 síðd., af The Condensed Milk Company of Ireland (1928) ,Limited, Lansdowne, Limerick, Írlandi, og skrásett 22. sept. s. á.




Mynd af kú, en fyrir ofan myndina er letrað orðið: BÚBÓT.
Merkið er skrásett í Dublin 23. nóvbr. 1931, 2. flokki, fyrir niðursoðna mjólk.

**Skrás. 1932, nr. 15.**

Tilkynnt 8. ágúst 1932, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 22. sept. s. á.



167 Mynd af kú, en fyrir ofan myndina er letrað orðið: BRÁ.
Merkið er skrásett í Dublin 23. nóv. 1931, 2. flokki, fyrir niðursoðna mjólk.

**Skrás. 1932, nr. 16.**

Tilkynnt 9. sept. 1932, kl. 3 síðd., af Kaupfélagi Borgfirðinga, samvinnufélag, Borgarnesi, og skrásett 29. október s. á.




Mynd af skjöldóttri kú, er stendur á grænum haga, en í baksýn mynd af fjallinu Baulu með eðlilegum litum. Efst á myndinni stendur með hvítu letri á bláum grunni orðið: Baulu og neðst á græna fletinum, er kýrin stendur á, orðið: MJÓLK.

Merkið er skrásett fyrir niðursoðna mjólk.

**Skrás. 1932, nr. 17.**

Tilkynnt 22. septbr. 1932, kl. 11 árd., af H. Ólafsson & Bernhöft, heildsala og umboðsverzlun, Reykjavík, og skrásett 29. október s. á.

Mynd af fljúgandi erni, er læsir klónum um ferstrendan flöt, en á miðjum fletinum standa stafirnir: HOB saman bundnir.




Merkið er skrásett fyrir korn- og mjölvörur, allskonar niðursuðuvörur, allskonar kryddvörur, þurrkaða, niðursoðna og sultaða ávexti og allskonar sælgætisvörur.

**Skrás. 1932, nr. 18.**

Tilkynnt 27. sept. 1932, kl. 3 síðd., af firmanu O. Johnson & Kaaber, heildsala og framleiðsla, Reykjavík, og skrásett 29. október s. á.

**Ekta**

**David**

**kaffibætir**

Rauður einkennismiði. Á honum miðjum stendur orðið: D a v i d með silfurlituðu letri, en fyrir ofan það orðið: E k t a og neðst: k a f f i b æ t i r.

Merkið er skrásett fyrir kaffibæti, og er orðið David að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.

**Skrás. 1932, nr. 19.**

Tilkynnt 11. október 1932, kl. 3 síðd., af John Dewar & Sons, Limited, áfengisbruggun, Perth, Skotlandi, og London, Englandi, og skrásett 29. s. m.

Orðið:

"White Label"

Samkv. útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er merkið skrásett í London, 4. maí 1931, 43. flokki, fyrir skozkt whisky.

167 **Skrás. 1932, nr. 20.**

Tilkynnt 13. október 1932, kl. 2 síðd., af Vacuum Oil Company A/S, olíuverzlun m. m., Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 29. s. m.

Orðið:

KOMO

Samkv. tilkynningu 30. ágúst 1919, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 27. september s. á. fyrir olíur, smurningu og vax af sérhverri tegund, sem og svipaðar framleiðsluvörur, sem notaðar eru til smurninga, ljósa eða upphitunar eða sem brennsluefni, steinolíu, benzín, gasólín og svipaðar vörur notaðar til orkugjafar, eða blöndun úr steinolíu eða öðrum steinkenndum olíum og fitumeiri olíum, sérstaklega slíkum, er notaðar eru sem smurningsolíur og á leður og sem ullarolía og þvottaefni fyrir ull, einnig „emulgerandi“ olíur, einkum á leður. — Hefir skrásetning merkisins verið endurnýjuð 27. sept. 1929.

**Skrás. 1932, nr. 21.**

Tilkynnt 2. nóvember 1932, kl. 11 árd., af Kodak Aktiengesellschaft, verksmiðja, Berlín, Þýzkalandi, og skrásett 26. s. m.

Orðið:

**Nagel**

Samkv. tilkynningu 11. apríl 1928, er merkið skrásett í Berlín 23. maí 1929 fyrir eðlisfræðileg, efnafræðisleg, ljósfræðileg, landmælinga-, siglinga-, raffræðisleg, kvikmynda-, ljósmynda-, varpmynda-, vogar-, merkis-, sannreynslu, mæli- og taláhöld, -tæki og -verkfæri, farartæki til notkunar í lofti og á sjó og vatni, svo og hluta af þeim og fylgitæki.

**Skrás. 1932, nr. 22.**

Tilkynnt 4. nóvember 1932, kl. 2 síðd., af Salamander Aktiengesellschaft, verksmiðja, Kornwestheim í Würtemberg, Þýzkalandi, og skrásett 26. s. m.



Í hring, sem myndast af orðunum: MARKE og SALAMANDER, sést mynd 167
af salamöndru.

Samkv. tilkynnnigum 20. júlí 1908 og 7. júní 1915, er merkið skrásett í Bergen 29. desember 1908 fyrir skófatnað, skómót, skóreimar og -bönd, efnaleg steiningar- og fágunarefni (eingöngu vélræn eins og t. d. smergill o. þ. h.), og síðar 9. september 1915 fyrir leður, skinn og feldi. Hafa báðar skrásetningar síðan verið endurnýjaðar, sú fyrri síðast 12. maí 1928 og hin 6. júní 1925. Tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 25. nóvember 1930.

**Skrás. 1932, nr. 23.**

Tilkynnt 21. nóvember 1922, kl. 4 síðd., af H/f Efnagerð Reykjavíkur, kemisk-teknisk verksmiðja, Reykjavík, og skrásett 26. s. m.

Orðið:

# MUM

Merkið er skrásett fyrir allskonar sælgætisvörur, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar brjóstsykur, sykraða ávexti og ávaxtamauk, kex, hunang, allskonar lakkrís, límonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, edikssýru, matar- og ávaxtaliti, allskonar safa, allskonar dropa og olíur, sem notað er til heimilisþarfa, allskonar bökunarefni, kaffibæti, tannkream, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, hármeðul, ilmvötn og öll önnur fegrunarefni, allskonar sápur, þvottaefni, kerti og skóáburð, allskonar fægilög, fægiduft, bón, vélaolíur, vagnáburð, sóda, ræstiduft, brons, liti, blek, lakk og olíur. — Er orðið MUM að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

**Skrás. 1932, nr. 24.**

Tilkynnt 8. desember 1932, kl. 3 síðd., af Efnagerð Reykjavíkur, kemisk-teknisk verksmiðja, Reykjavík, og skrásett 15. s. m.

Orðið:

# BÍLÓ

Merkið er skrásett fyrir bifreiðabón, húsgagnabón, allskonar sápur, þvottaefni, kerti og skóáburð, allskonar fægilög, fægiduft, bón, vélaolíur, vagnáburð, sóda, ræstiduft, brons, liti, blek, lakk og olíur, allskonar sælgætisvörur, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar lakkrís, límonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, eldissýru, matar- og ávaxtaliti, allskonar safa, allskonar dropa og olíur, sem notaðar eru til heimilisþarfa, allskonar bökunarefni,

167 kaffibæti, tannkream, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, hármeðul, ilmvötn og önnur fegrunarefni, ennfremur allskonar brjóstsykur, sykraða ávexti og ávaxtamauk, kex og hungang. — Er orðið: BÍLÓ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

**Skrás. 1932, nr. 25.**

Tilkynnt 8. desember 1932, kl. 3 síðd., af sama og skrásett 15. s. m.
Orðið:

ÍSÍ

Merkið er skrásett fyrir húsgagnabón, bifreiðabón, allskonar sápur, þvottaefni, kerti og skóáburð, allskonar fægilög, fægiduft, bón, vélaolíur, vagnáburð, sóda, ræstiduft, bronz, liti, blek, lakk og olíur, allskonar sælgætisvörur, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar lakkrís, límonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, edikssýru, matar- og ávaxtaliti, allskonar safa, allskonar dropa og olíur, sem notaðar eru til heimilisþarfa, allskonar bökunarefni, kaffibæti, tannkream, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, hármeðul, ilmvötn og öll önnur fegrunarefni, ennfremur brjóstsykur, sykraða ávexti og ávaxtamauk, kex og hunang. — Ber að skoða orðið: ÍSÍ sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 43, 13. nóvember 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind merki verið **endurnýjuð** á árinu:

**Skrás. 1922 nr. 1 og 2.**

Libby, McNeill & Libby, Chicago, frá 25. febrúar.

**Skrás. 1922 nr. 3 og 4.**

Ó. Johnson & Kaaber, Rvík, frá 27. febrúar.

**Skrás. 1922 nr. 5.**

Tanqueray, Gordon & Co., Ltd., London, frá s. d.

**Skrás. 1922 nr. 7.**

British American Tobacco Co., Ltd., frá s. d.

**Skrás. 1922 nr. 12.**

The B. F. Goodrich Comp., New York, frá 20. apríl.

Skrás. 1922 nr. 13.

British American Tobacco Co., Ltd., frá s. d.

Skrás. 1922 nr. 14.

Sophus Berendsen A/S, København, frá 20. júlí.

Skrás. 1922 nr. 17.

Spillers Ltd., London, frá 20. apríl.

Skrás. 1922 nr. 19.

Meltis, Ltd., London, frá s. d.

Skrás. 1922 nr. 21.

The Denver Chemical Manufacturing Co., frá 21. september.

Skrás. 1922 nr. 24, 26, 27, 29, 30, 31, 32, 33, 35, 36, 37.

British American Tobacco Co., Ltd., London, frá 10. október.

Skrás. 1922 nr. 38.

Jönköpings og Vulcans Tändsticksfabriksaktiebolag, Jönköping, frá 2. nóv.

Skrás. 1922 nr. 39.

The Goodyear Tire & Rubber Co., Akron í Ohio, Bandaríkjum N.-Ameríku, frá 5. desember.

Ennfremur hafa eftirgreind merki verið **afmáð** úr vörumerkjaskránni samkvæmt 12. gr. sömu laga:

Skrás. 1922 nr. 6.

A/S Dansk Sprit-Central, København, frá 7. apríl.

Skrás. 1922 nr. 8, 9 og 10.

The United States Playing Card, Co., Cincinnati í Ohio, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 9. maí.

Skrás. 1922 nr. 15 og 16.

Sophus Berendsen A/S, København, 20. júlí.

Skrás. 1922 nr. 18.

Halldór Guðmundsson & Co., Rvík, 25. ágúst.

Skrás. 1922 nr. 20.

Continental Bodega Comp. A/S, København, 16. september,

167 **Skrás. 1922 nr. 22.**

Hecker-Jones-Jewell Milling Co., New York, 23. september.

**Skrás. 1922 nr. 23.**

Mospero Fréres, Ltd., London, 12. október.

**Skrás. 1922 nr. 25, 28 og 34.**

British American Tobacco Comp., Ltd., London, 10. nóvember.

**Skrás. 1922 nr. 40.**

A/S Sætre Kjeksfabrik, Oslo, 5. desember.

Skrifstofa vörumerkjaskrárítarans í Reykjavík,
31. desember 1932.

168

# REIKNINGUR BJARGRÁÐASJÓÐS ÍSLANDS árið 1931.

## Sjóðsreikningur:

### Innborgað:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Sjóður í ársbyrjun: | | | |
| a. Bjargráðasjóður sveitarfélaga | kr. | 481497.84 | |
| b. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður | — | 250256.71 | |
| | | | kr. 731754.55 |
| 2. Bjargráðasjóðsgjöld sveitarfélaga | | | — 25803.70 |
| 3. Tillag úr ríkissjóði | | | — 26928.00 |
| 4. Vextir af inneign í bönkum: | | | |
| a. Af innstæðu Bjargráðasjóðs sveitarfélaga | kr. | 19865.48 | |
| b. Af innstæðu hins sameiginlega Bjargráðasj. | — | 14811.18 | |
| | | | — 34676.66 |
| 5. Vextir af lánum (fallnir í gjalddaga á árinu): | | | |
| a. Af lánum úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga | kr. | 3754.59 | |
| b. Af lánum úr hinum sameiginl. Bjargráðasj. | — | 13968.74 | |
| | | | — 17723.33 |
| 6. Afborganir lána: | | | |
| a. Af lánum úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga | kr. | 24380.22 | |
| b. Af lánum úr hinum sameiginl. Bjargráðasj. | — | 102146.67 | |
| | | | — 126526.89 |
| | | | Kr. 963413.13 |